



Reglur um heiðursborgara Ísafjarðarbæjar

Tillaga að samþykkt reglna um heiðursborgara Ísafjarðarbæjar, í kjölfar ábendingar um útnefningu.

Aldrei hafa verið settar formlegar reglur hjá sveitarfélaginu um útnefningu heiðursborgara, eða hvað það felur í sér, þótt að nokkrir bæjarbúar hafa í gegnum árin verið útnefndir. Þá eru engar reglur um hvað það felur í sér, s.s. um niðurfellingu fasteignagjalda eða greiðslu útfarar, og liggja fyrir óstaðfestar upplýsingar um hvernig farið hefur verið með þessa hluti hjá sveitarfélaginu, sem hafa verið ýmiss konar.

Reglur þessar eru unnar með hliðsjón af reglum annarra sveitarfélaga um heiðursborgara og er lagt til að reglur verði samþykktar eftir umræðu í bæjarstjórn.

Helstu atriði sem horfa verður til:

Lagt er til að skilyrðið fyrir útnefningu sé að viðkomandi sé íbúi, fyrrverandi eða núverandi, og að hann hafi haft jákvæð áhrif á samfélagið, sbr. 3. gr.

Lagt er til að bæjarstjórn sé einhuga við valið.

Ekki er lagt til að einungis einn geti verið heiðursborgari á hverjum tíma, en þessu er ýmist farið hjá öðrum sveitarfélögum.

Lagt er til að skyldur Ísafjarðarbæjar gagnvart heiðursborgara sínum séu styrkur að þeirri fjárhæð sem álagður fasteignaskattur reiknast. Sveitarfélagið hefur ekki lagaheimildir til að fella fasteignaskatt niður, en er heimilt, gegn setningu reglna, að veita styrki. Athugast þó að styrkur gæti verið skattskyldur sem tekjur einstaklings.

Þá er lagt til að bæjarstjórn geti heimilað sérstakt framlag, sbr. samþykkt fjárhagsáætlun.

Þá er lagt til að Ísafjarðarbær taki þátt í athöfn við útför, í samráði við aðstandendur (þ.e. allt eftir vilja og að beiðni aðstandenda) og er lagt til að hámark verði sett á þessa þátttöku, í stað þess að styrkur verði eyrnamerktum ákveðnum útgjöldum (enda geta útgjöld verið ýmiss konar eftir trúarbrögðum/lífsskoðunum viðkomandi).